



Sumarstarfsmaður

STARFSLÝSING

Yfirmaður: Bæjarverkstjóri
Stofnun / deild: Umhverfis- og framkvæmdasvið

Meginviðfangsefni

Sumarstarfsmaður í framkvæmda- og þjónustumiðstöð starfar undir stjórn bæjarverkstjóra. Unnið er að hefðbundnum verkefnum þjónustu- og framkvæmdamiðstöðva Fjarðabyggðar ásamt ýmsum verkefnum sem snúa að höfnunum. Meðal þeirra verkefna sem sumarstarfsmenn vinna eru umhirða og viðhald hafnarsvæða, mála kantsteina og hafnarkanta, hirða plast og rusl m.a. á hafnarsvæðum, tæming ruslatunna, hreinsun gangstétta og gatna, undirbúningur fyrir malbikun og hellulagningar o.m.fl.

Helstu verkefni

- Sópa hafnir, gangstéttir, götur og svæði í og við þjónustumiðstöðvar og hafnir.
- Mála hafnarkanta og kantsteina.
- Undirbúningur fyrir malbikun og hellulögn.
- Viðgerð á tækjum.
- Viðhald og þrif áhaldahúsa.

Önnur verkefni

- Önnur verkefni sem bæjarverkstjóri felur sumarstarfsmanni og eru skilgreind sem verkefni framkvæmda- og þjónustumiðstöðvar.

Hæfnis- og samstarfsmarkmið

- Gerð er krafa um stundvísi, samvissusemi og almenna kurteisi.
- Sjálfstæði í vinnubrögðum og skipulagshæfni er kostur.
- Áhugi á umhverfismálum er kostur.
- Hæfni mannlegum samskiptum er æskileg.

Fjarðabyggð xx. xxxx 2021

Yfirmaður

Starfsmaður